

Stjórnarfundur STEFs 13. des. 2023 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn miðvikudaginn 13. desember 2023, í Matarkjallaranum við Aðalstræti 2 og hófst kl. 10:30.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason, Hallur Ingólfsson, Puríður Jónsdóttir, Sigríður Thorlacius, Páll Ragnar Pálsson og Eypór Gunnarsson. Sigurður Flosason boðaði forföll og fundinn sat varamaður hans, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson. Sérstakur gestur á fundinum var Guðmundur Þór Guðjónsson, fjármálastjóri STEFs.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 20. október 2023 svo og útdráttur úr fundargerð voru lögð fram og samþykkt.
2. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum var lagt fram.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- a) Umsögn um frumvarp til laga um brottfellingu heiðurslauna listamanna.
- b) Kostir aðildar að STEFi.
- c) Fundargerð stjórnarfundar IHM 8. des 2023 – drög.

Undir þessum lið var sérstaklega farið yfir stöðuna innan IHM og afstöðu fulltrúa STEFs í stjórn IHM til afgreiðslu mála hvað varðar samninga við RÚV / UBOI vegna Gullkistunnar og skiptingu tekna af endurvarpi þriðja aðila. Var stjórnin einhuga um að standa að baki afstöðu fulltrúa STEFs í stjórn IHM.

3. Úthlutanir ársins 2023.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- a) Tölfræði úthlutana ársins.
- b) Yfirlit yfir þróun úthlutana frá 2017-2023.
- c) Punktur og upphæðir í aðalúthlutun og miðsumarsúthlutun 2023.

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri kynntu úthlutanir ársins, en samtals námu úthlutanir í heild um kr. 809 millj. sem er 37% aukning frá fyrra ári. Úthlutun til innlendra rétthafa nam alls um 618 millj. sem er um 45% aukning. Þá er ótalin úthlutun í formi styrkveitinga að fjárhæð um 33,7 millj. auk styrkja frá sjóðum sem STEF stendur að í samstarfi við aðra aðila og ekki eru vistaðir hjá STEFi.

Sérstaka athygli vakti mikil nýliðun, en 382 nýir meðlimir gengu til liðs við STEF á árinu sem er að líða. Þess má þó geta að síðla árs 2022 var innleidd sú breyting að ganga frá aðildarumsókn með rafrænum undirskriftum. Óskað var eftir því að gerð yrði greining á aldursamsetningu nýrra meðlima.

4. Ný verðskrá fyrir hljóðvarp og sjónvarp lögð fram

Ný drög að verðskrá voru kynnt stjórn. Verðskráin byggir á kröfugerð og samningi STEFs við RÚV, sem gerður var sl. sumar. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi: Þessi verðskrá felur í sér mun ítarlegri skilmála en eldri verðskrá, þótt ennþá sé gert ráð fyrir sérstökum samningum við einstakar stöðvar. Þá hafa verð í prósentum breyst og eru bæði hærri og lægri eftir magni tónlistar í hljóðvarpi eða tegund sjónvarpsstöðvar. Í öllum tilvikum hafa lágmarksverð lækkað verulega. Þá er nú einnig gert ráð fyrir að STEF innheimti fyrir bæði skammtíastöðvar og svæðisstöðvar, en slíkt hefur verið einungis gert í undantekningartilvikum áður.

Ákveðið var að fresta afgreiðslu verðskrárinnar til næsta fundar þannig að stjórn gæfist betri tími til að kynna sér efni hennar.

5. Úthlutun fyrir tónleika

Framkvæmdastjóri kynnti það fyrirkomulag sem notast er við varðandi úthlutun fyrir tónleika í Svíþjóð, en þar fer ákveðið hlutfall af því fé sem innheimtist fyrir tónleika, en ekki koma lagalista eða efnisskrár fyrir, til úthlutunar fyrir aðra tónleika. Hingað til hefur úthlutun þessara tekna hjá STEFi verið með þeim hætti að tekjurnar fara til hækkunar í aðalúthlutun og þá fyrir útvarp- og sjónvarp fyrst og fremst. Með sænsku aðferðinni er hægt að úthluta nokkuð hærrí upphæð á hvern og einn lagalista eða efnisskrá sem berst sem aftur hefur í för með sér hvatningu til að skila inn fleiri lagalistum.

Stjórn fól skrifstofu STEFs að gera nánari greiningu á því hversu mikið fé innheimtist fyrir tónleika, en sem ekki er hægt að úthluta og koma með mótaða tillögu um nýja reiknireglu fyrir úthlutun tónleika.

6. Sjónvarpsstöðin Omega – skuldastaða og viðbrögð.

Fjármálastjóri kynnti skuldastöðu *Omega Kristniboðskirkju* og voru lögð fram gögn um hana. Því miður er skuldasaga fyrirtækisins orðin allt of löng og ekki hefur verið staðið við samkomulag sem gert var á sínum tíma. Samkvæmt upplýsingum frá *Creditinfo* er fyrirtækið ógjaldfært. Þrátt fyrir þetta halda útsendingar áfram. Er nú svo komið að STEF getur ekki lengur látið þetta ástand viðgangast. Ákveðið var að rifta samningi fyrirtækisins við STEF og banna því allar útsendingar á tónlist. Verður þessum aðgerðum fylgt eftir með lögbanni ef þörf krefur.

7. Vörumerkjavitund – greinaskrif / kynningar.

Framkvæmdastjóri kynnti tilboð frá *Morgunblaðinu* um keypta umfjöllun um notkun tónlistar í atvinnustarfsemi. Þótti stjórn tilboðið of hátt og ekki forsvaranlegt að setja fjármuni í slíka kynningu. Mun vænlegra væri að rita sjálf greinar í blaðið og senda inn til birtingar.

8. Upptökusjóður STEFs.

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir sínar um að gera tilteknar breytingar á úthlutunarreglum *Upptökusjóðs*, en hún hafði fyrir fundinn rætt þær hugmyndir aðeins við Aðalstein Ásberg Sigurðsson, formann fulltrúaráðs, sem setið hefur í mörg ár í stjórn sjóðsins. Hugmyndin er að skoða hvort reglur sjóðsins hafi náð að fylgja breytingum í tónlistargeirunum og þá sérstaklega hvort sjóðurinn væri að þjóna höfundum nægilega vel þegar áhersla hefur verið lögð á útgáfu heillra platna og þá oft eftir höfunda sem jafnframt eru flytjendur. Ákveðið var að fela stjórn *Upptökusjóðs* að skoða betur þessi mál og þá að gera tillögur til breytinga á reglum sjóðsins í framhaldinu. Þá væri rétt að skoða sérstaklega í þessu sambandi hvort rétt væri að afmarka sjóðnum sérstöðu miðað við Hljóðritasjóð Rannís.

9. Fyrirkomulag kosninga til fulltrúaráðs vorið 2024, þ.m.t. skipun kjörstjórnar.

Lagt var fram drög að skipulagi vegna kosninga til fulltrúaráðs og var það samþykkt. Þá var skipuð kjörstjórn sem í sitja þrír starfsmenn STEFs, þau Guðrún Björk Bjarnadóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Stefán Hilmarsson.

10. Undirbúningur fulltrúaráðsfundar.

Farið var yfir helstu mál sem taka á fyrir á fulltrúaráðsfundi 14. desember. Meðan á fundi stóð kom tilkynning frá erlendu fyrirlesurunum sem áttu að vera með erindi á fundinum, þess efnis að sökum vinnustöðvunar flugumferðarstjóra, þá hefði flug þeirra verið fellt niður og ekki hægt að finna önnur flug frá London. Var því úr að kynning þeirra á fundinum yrði í gegnum fjarfundarbúnað, en fundinn verður nýr tími fyrir almennan fræðslufund þeirra sem halda átti þann 15. Desember, en verður nú aflýst.

11. Tillögur að fundardögum vorið 2024.

Tillögurnar voru lagðar fram og samþykktar.

12. Önnur mál.

a. Beiðni *Iceland Sync* um styrk til að halda lagahöfundabúðir.

Lögð var fram beiðni frá *Iceland Sync* um þriggja ára samstarf við STEF um að halda alþjóðlegar lagahöfundabúðir hér á landi. Stjórnin var jákvæð gagnvart því að veita styrk til verkefnisins, en ákveðið var að fresta formlegri afgreiðslu til næsta stjórnarfundar og biðja fyrirtækið um nánari upplýsingar um fjárhagsáætlun í millitíðinni.

b. Beiðni frá *Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaununum (NMFD)* um viðbótarfjárfjárstyrk.

Lagt var fram bréf frá NFMD ásamt fjárhagsáætlun. Ljóst er að einhverjir fjármunir sparast við það, að í ármun NFMD greiða ferðakostnað tilnefndra tónskálda. Samþykkt var að fallast á viðbótarfjármögnun upp á €575, sem þá bætast við fastan kostnað €3.000. Til viðbótar var samþykkt að tryggja fjármögnun upp á €650, ef svo færi að umsókn um alþjóðlegan styrk fengi ekki framgang.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 13:15.